



## Félag háskólakennara

### Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn miðvikudaginn 12. maí 2015

Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 16:00. Hann lagði til að Sigríður Jónsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var það samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Þá var gengið til hefðbundinnar dagskrár aðalfundar. Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið árgjald, sbr. 7. grein laga félagsins og 3. grein reglna kjaradeilusjóðs.
4. Tillögur um lagabreytingar.
5. Kosin stjórn, sbr. 9. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 9. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Kosin samninganefnd, sbr. 10. grein.
9. Önnur mál.

#### 1. Skýrsla stjórnar.

Jörundur Guðmundsson formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu verkefni og störf stjórnar Félags háskólakennara starfsárið 2014 – 2015. Kjaramálin voru fyrirferðamikil eins og oft áður og stjórnin hefur m.a. beitt sér í að ná fram upplýsingum um fyrirkomulag stjórnunarvinnu kennara við HÍ. Starfmatskerfið SKREF var endurskoðað og handbók SKREF einnig uppfærð. Gefin var út handbók Félags háskólakennara með helstu upplýsingum um kjara- og réttindamál. Þá hefur stjórn félagsins einnig leitað leiða til að fá upplýsingar um mat á vinnustundum til kennslustunda. Þessi vinna er og verður í gangi næsta starfsár. Þá var farið yfir stöðuna í kjarasamingsviðræðum Félags háskólakennara annars vegar og BHM hins vegar, við Samninganefnd ríkisins. Stjórn samþykkti á starfsárinu verklagsreglur stjórnar sem sjá má á heimasíðu félagsins og fyrir aðalfundinum liggur frammi tillaga að breytingu á nafni félagsins, samkvæmt ákvörðunar á aðalfundi 2014.

#### 2. Ársreikningur.

Guðmundur Ingi Guðmundsson gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins ársins 2014. Rekstrarreikningur ársins 2014 skilaði tapi sem nam tæpum 800 þús., sem rekja má fyrst og fremst til þess að starfsárið 2014 var samningaár, margir fundir og kostnaður hærri en ulla. Eignarstaða félagsins er mjög góð og nemur handbært fé í árslok tæpar 28 milljónir króna og kjaradeilusjóður á eignir sem nema rúmum 104 milljónum króna.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Spurt var um stjórnarlaun og hversu mikið var greitt á hvern stjórnarfund. Framkvæmdastjóri svaraði

spurningunni. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

### **3. Tillögur um árgjald.**

Með fundarboði um aðalfund Félags háskólakennara kom fram að stjórn félagsins myndi leggja til að félagsgjöldin verði óbreytt.

Spurt var um áhrif þess að BHM áætla að miða aðildargjöld sín við heildarlaun í stað dagvinnulauna árið 2016. Framkvæmdastjóri svaraði spurningunni og sagði að ekki væri enn búið að útfæra þá hugmynd endanlega því erfitt að meta áhrifin.

Fundarstjóri bar upp tillögu um óbreytt félagsgjöld og var hún samþykkt einróma.

### **4. Tillögur til lagabreytingar.**

Í samræmi við 4. grein laga Félags háskólakennara leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á fyrstu grein laga.

Greinin var:

„Félagið heitir Félag háskólakennara. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

Greinin verði:

„Félagið heitir Félag háskólakennara, félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

Jörundur Guðmundsson formaður mælti fyrir tillögunni. Engar spurningar komu í kjölfarið.

Fundarstjóri bar upp breytingu á 1. grein laga félagsins. Tillagan var samþykkt einróma. Fundarstjóri bar upp öll lög félagsins með breytingu á 1. greininni og var tillagan samþykkt einróma.

### **5. Kosning stjórnar.**

Tillaga kjörnefndar um formann og aðra stjórnarmenn lá fyrir eftirfarandi:

*„Formaður kjörinn til eins árs:*

*Jörundur Guðmundsson, forstöðumaður Háskólaútgáfan.*

*Aðrir í stjórn til tveggja ára:*

*Ármann Höskuldsson, vísindamaður á Raunvísindastofnun.*

*Baldvin Zarióh, deildarstjóri Vísinda- og nýsköpunarsvið.*

*Guðmundur I. Guðmundsson, Landsbókasafn-háskólasafn.*

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur póstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns og þrjú til annarra stjórnarmanna.

Borin var upp tillaga um Jörundur Guðmundsson til formanns til eins árs. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Borin var upp tillaga um meðstjórnendur til tveggja ára. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

## **6. Kosning kjörnefndar.**

Tillaga stjórnar um kjörnefndar lá fyrir eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og tillaga stjórnar var samþykkt með lófaklappi.

## **7. Kosning skoðunarmanna reikninga.**

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir og Íris Davíðsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt.

## **8. Kosning samninganefndar.**

Tillaga stjórnar um samninganefnd er sú að auk stjórnar skipi trúnaðarmenn félagsins samninganefnd. Fundarstjóri gerði grein fyrir tillöggunni og fram kom að samkvæmt hefð væru trúnaðarmenn í samninganefnd félagsins. Hugsunin með því er sú að hafa góðan bakhóp í nefndinni. Fundarstjóri sagði frá því að þrátt fyrir að aðalfundur kjósi samninganefnd væri ekkert því til fyrirstöðu að kalla til aukamenn í nefndina.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

## **9. Önnur mál.**

Fundarstjóri gaf nýkjörnum formanni orðið en áður en að því kom var fundarmönnum boðið að koma með spurningar undir dagskrárliðnum „önnur mál“.

Meðal annars var spurt var um hvert kynjahlutfall félagsmanna er í Félagi háskólakennara. Þá kom spurning um hvort tímatakörk væru á stjórnarsetu stjórnarmanna félagsins og því velt upp hvort það þyrfti ekki að vera. Þá var einnig spurt um þátttöku Félags háskólakennara í BHM kosti og göllum. Formaður svaraði áðurnefndum spurningum og nokkrar umræður sköpuðust um hvort ekki þyrfti að vera takörk á stjórnarsetu í lögum félagsins.

Að lokum þakkaði Jörundur Guðmundsson, formaður félagsins, stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á liðnum árum og sagðist hlakka til áframhaldandi samstarfs.

Formaður þakkaði að lokum fundarmönnum fyrir komuna og traustið sem honum var sýnt.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:45

Helga Birna Ingimundardóttir, fundarritari.

